

19

31. jan.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandidatsprófi í íslenskum fræðum við heim- spekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenskri tungu, íslenskum bókmenntum og Íslandssögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, nema kennsla á unglingastiginu sé í framkvæmdinni í höndum barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hlið- stæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigsins og við sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða mennta- skóla, sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri máls- grein getur, um kennslu í íslenskum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að. Þá standa B.A.-prófsmenn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fulln- aðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna bætist ný grein, svo hljóðandi:

Sé um að ræða kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi samkvæmt 1. gr. að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 84 23. júní 1936, um viðauka við lög nr. 36 11 júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu haldast óskert kennsluréttindi þeirra manna, sem áður hafa hlotið kennararéttindi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.